



Borgarráð

Knattspyrnufélagið Valur

Lagt er til að gengið verði til viðræða við Knattspyrnufélagið Val varðandi hugmyndir félagsins um frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæði félagsins á Hlíðarenda.

Gerð verði ítarleg þarfagreining, kostnaðar og rekstraráætlun vegna hugmynda um ný mannvirki.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 3.september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kom í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaáætlunar Reykjavíkurborgar.

Uppbygging nýrra mannvirkja á Hlíðarenda voru meðal þeirra verkefna sem voru á lista yfir forgangsröðun íþróttamannvirkja á næstu árum. Fyrir liggja hugmyndir og skipulag um frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja að Hlíðarenda sem taka þarf afstöðu til. Gera má ráð fyrir frekari breytingum á skipulagi í nágrenni Hlíðarendasvæðisins, meðal annars vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Miklubraut í stökk. Getur það skapað ýmis sóknarfæri og kallað á endurskoðun eldra skipulags í einhverjum atriðum. Jafnframt leiddi greining forgangsröðunarhóps ÍTR og ÍBR í ljós að fjölnotahús sem myndi m.a. nýtast til fimleikaæfinga á þjónustusvæði Vals hefði raðast hátt í forgangsröðun en ekki höfðu komið fram óskir um slíka uppbyggingu.

Dagur B. Eggertsson